

Til Samgöngunefndar.

Ég vil byrja á því að þakka fyrir góðan morgunfund með ykkur í þriðjudaginn, það var verulega lærdómsríkt að heyra óskir annarra sveitarfélaga og hversu mismunandi óskirnar eru, eftir því hvar á landinu fólk er staðsett.

Eins og kom fram í máli mínu á fundinum, hafa áður verið eyrnamerkir fjármunir sem fara áttu í Veiðileysuhálsinn sem er helsti flöskuhálsinn inn í Árneshrepp, þeir peningar voru hins vegar “skrúfaðir niður á núll” eins og starfsmaður Vegagerðarinnar kallaði það. Þetta var árið 2008 og mig minnir að upphæðin hafi verið 29 milljónir og átti svo að leggja til aðrar 30 milljónir árið 2009 og átti síðan að vinna fyrir upphæðina alla á því ári. Þetta gerðist hins vegar ekki og íbúar Árneshrepps eru enn að biða eftir að eitthvað gerist til að minnka einangrun þessarar afkekkta sveitar. Á þessum árum féll vegurinn hingað ekki undir sömu reglur og aðrir vegir í strjálbýli og því var þessi úthlutun úr sjóði sem kallaðist Ferðamannaleiðir og fékkst þá einstaka sinnum andlitslyfting fyrir fjármagn úr þeim sjóði.

Sveitarfélag sem er eins fámennnt og okkar hefur ekki mikið bolmagn til að gera mikið á eigin spýtur, en við sækjum þó árlega um fjármagn úr Styrkvegaskjóði. Í ár sóttum við um 5 milljónir og fengum 600.000,- þúsund! Við reynum að nota þessa fjármuni til þess að lagfæra helstu spotta sem ekki heyrir undir Vegagerðina, svo sem veginn úr Norðurfirði út að Krossnessundlaug og þaðan að Felli, frá Norðurfirði í Munaðarnes og einnig stendur til að bera ofan í afleggjarann niður undir Kúvíkur, en sá vegur var lagður á kostnað hreppsins fyrir mörgum árum og hefur ekkert verið gert við hann síðan.

Að megin hluta er vegurinn hingað norður í Árneshrepp fyrsta kynslóð vega og hefur verið lítið bættur síðan, eða frá árinu 1965 – 6. Hann var upphaflega lagður á svipuðum slóðum og hestaslóðir voru á og er því svo sannarlega barn síns tíma. Keppikefli okkar er að vegurinn verði þannig að auðveldara verði að þjónusta hann að vetrinum, en Vegagerðin hefur legu hans sér til afsökunar til þess að halda vetrarþjónustu í lágmarki.

Nú eru fyrirhugaðar virkjunarframkvæmdir í Ófeigsfirði á næstu árum og þegar er búið að koma fyrir uppi á Ófeigsfjarðarheiði ýmsum tækjabúnaði til mælinga og undirbúningsrannsókna á náttúrufari og dýralífi. Slíkar stórfamkvæmdir kalla að sjálfsögðu á mun betri samgöngur en sveitarfélagið hefur nú.

Ég vil því fyrir hönd hreppsnefndar og allra íbúa Árneshrepps hvetja ykkur eindregið til þess að flýta nýtingu hinna fyrirhuguðu 200 milljóna sem á að úthluta í Veiðileysuháls árið 2018, helst þannig að við fáum eitthvað gert þegar á næsta ári. Slík ákvörðun myndi verða okkur öllum mikið fagnaðarefni og hjálpa okkur að líta bjartsýn fram á veginn.

Með vinsemd og virðingu,

Eva Sigurbjörnsdóttir
oddviti.



Eva Sigurbjörnsdóttir